ÞÁTTTAKA TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS Í KOSTNAÐI VIÐ TANNRÉTTINGAMEÐFERÐ

Vegna nýrra laga um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir tannréttingar vill stofnunin hvetja forráðamenn barna og unglinga til þess að fresta því að leggja út í kostnað við nýja tannréttingameðferð þar til nýjar endurgreiðslureglur hafa verið auglýstar. Að því loknu skal fólki bent á að afla sér úrskurðar Tryggingastofnunar um mögulega greiðsluþátttöku stofnunarinnar áður en meðferð hefst. Tekið skal fram, að tannréttingameðferð, sem sannanlega hófst fyrir 1. nóvember 1989 verður áfram endurgreidd samkvæmt eldri reglum.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

FLOKKSSTARF



Guðrún Alda

Matarspjallsfundur

Landssamband framsóknarkvenna verður með matarspjallsfund í Lækjarbrekku, miðvikudaginn 31. janúar nk. kl. 19.30, þar sem Guðrún Alda Harðardóttir fóstra kynnir drög að frumvarpi til laga um leikskóla.
Allir velkomnir.

LFK.



Elín R. Líndal

Viðtalstími LFK

Elín R. Líndal, varaþingmaður á Norðurlandi vestra, verður til viðtals, þriðjudaginn 30. janúar nk. kl. 17-19 í Nóatúni 21, sími 24480.
Allir velkomnir.

LFK.

Borgnesingar – Nærsveitir

Spilum félagsvist í Félagsbæ, Borgarbraut 4, í fundarsal Verkalýðsfélags Borgarness kl. 20.30 föstudaginn 28. janúar n.k.
Mætum vel og stundvíslega.

Framsóknarfélag Borgarness.

Keflavík

Skoðanakönnun meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins um val frambjóðenda í komandi bæjarstjórnarkosningum fer fram í Félagsheimili flokksins að Hafnargötu 62 sunnudaginn 28. janúar kl. 10.00-17.00.
Skoðanakönnunin er opin öllum stuðningsmönnum flokksins.
Mætið vel og takið þátt í könnuninni. Kaffiveitingar á staðnum.

Uppstillingarnefnd



Áshildur Haraldsdóttir.

EVRIDÍS, flautukonsert Þorkels Sigurbjörnssonar leikinn í Mexíkó

Áshildur Haraldsdóttir einleikari og Örn Óskarsson stjórnandi

Áshildur Haraldsdóttir er nú stödd í Mexíkó þar sem hún mun leika einleik með sinfóníuhljómsveitinni Filharmonicaó del Bajío, en stjórnandi hljómsveitarinnar er Íslendingurinn Örn Óskarsson. Áshildur mun leika einleik í flautukonsert Þorkels Sigurbjörnssonar, Evridísi, á fernum tónleikum síðast í janúarmánuði, og Örn stjórnar öllum tónleikunum. Önnur verk sem flutt verða á tónleikunum eru eftir Egil Hovland og Jean Sibelius.

Þorkell Sigurbjörnsson samdi Evridísi fyrir Manuelu og hljómsveit árið 1978 og hún frumflutti konsertinn og hefur flutt víða um heim.

Áshildur Haraldsdóttir hefur stundað nám í Bandaríkjunum frá 1983 og lauk BA prófi með láði frá New England Conservatory í Boston 1986 og Meistaraprófi frá Juilliard skólanum, þá 22 ára gömul. Áshildur hefur haldið einleikstónleika hér heima og erlendis og unnið til margra verðlauna.

Örn Óskarsson dvaldi í Bandaríkjunum sl. fjögur ár og stundaði nám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskóla Washingtonfylkis í Seattle. Þaðan lauk hann námi í hljómsveitarstjórn vorið 1989 og hélt þá til Mexíkó, þar sem hann hefur starfað síðan.

Einnig var flautukonsertinn Evridís fluttur í Bryggeteatret í Oslo sunnud. 21. jan. sl. Þar dansaði Susanne Valentin við tónlistina ásamt dönsurum frá Svíþjóð. Dansað var líka eftir fleiri tónverkum.

Endurteknir ljóðatónleikar í Gerðubergi

Eins og menn muna gekk fárviðri yfir mánudaginn 8. janúar. Það kvöld voru ljóðatónleikar í Gerðubergi, – en vegna fjölda tilmæla hefur verið ákveðið að **endurtaka ljóðatónleikana laugardaginn 27. jan. kl. 15:00.**

Um er að ræða þriðju tónleikana í ljóðatónleikaröð sem haldin er á vegum Gerðubergs nú í vetur. John Speight, bariton, syngur við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Fluttur verður lagaflokkur eftir B. Britten, svo og sönglög eftir Purcell, H. Wolf, F. Schubert, R. Schumann, C. Ives o.fl.

John Speight stundaði tónlistarnám við Guildhall School of Music and Drama 1964-'72, einnig nam hann tónsmíðar hjá Richard Rodney Bennett. Hann hefur sungið víða á Englandi og Írlandi, bæði í óratoríum, óperum og á ljóðatónleikum. John hefur tekið þátt í mörgum óperusýningum, bæði í Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni. Auk söngsins er John afkastamikið tónskáld.

Hafnarborg:

„Det Grönne Mörke" – Sýning á verkum fimm norskra málara

Í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, Strandgötu 34, var nýlega opnuð sýning á verkum fimm norskra málara. Listamennirnir eru: **Anne Katrine Dolven, Erik Annar Evensen, Olav Christopher Jenssen, Jon Arne Mogstad og Björn Sigurd Tufta.**

Til sýningarinnar er stofnað af hálfu Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg í Finnlandi og hefur hún verið sett upp í Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og nú síðast í Noregi. Verk eftir þessa listamenn hafa ekki verið sýnd hér á landi áður, utan sýningar á verkum Björn Sigurd Tufta í Norræna húsinu árið 1987.

Formáli í sýningarskrá er skrifaður af Maaretta Taukkuri, sýningarstjóra Norrænu Listamiðstöðvarinnar í Sveaborg.


Sýningin í Hafnarborg stendur til 4. febr. n.k. Opnunartími er kl. 14:00-19:00 alla daga nema þriðjudaga.

Sunnudagsferðir F.Í. 28. jan.

Sunnudaginn 28. janúar kl. 13:00 verða tvær dagsferðir á vegum Ferðafélags Íslands. Önnur ferðin er sú fyrsta af fimm svokölluðum **„verferðum"**. Tilgangur þeirra er að kynna gamlar verstöðvar frá árabátatímabilinu. Á sunnudaginn verður farið til Grindavíkur og gengið þar á milli hverfanna. Byrjað verður austur við bæinn Hraun og gengið vestur um Grindavík í Staðarhverfið. Staðfróður heimamaður slæst í hópinn.

Hin ferðin er skíðagönguferð á Hellisheiðina, en þar er kominn ágætur snjór til skíðaiðkana. Skíðagönguferðir verða á dagskrá Ferðafélagsins alla sunnudaga svo lengi sem snjóalög leyfa. Brottför í ferðirnar er frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin.

Ferðafélag Íslands



„Fjallahringur" – Leirverk eftir Guðnýju Magnúsdóttur.

Sýningar á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 27. janúar verða opnaðar þrjár sýningar að Kjarvalsstöðum.

Í vestursal opnar **Þorlákur Kristinsson (Tolli)** sýningu á olíumálverkum.

Í vesturforsal opnar **Guðný Magnúsdóttir** sýningu á leirmunum.

Í austurforsal opnar **Bragi Þór Jósefsson** sýningu á ljósmyndum.

Í austursal er sýningin **„Kjarval og landið"**, verk í eigu Reykjavíkurborgar.

Kjarvalsstaðir eru opnir kl. 11:00-18:00 daglega og er veitingabúðin opin á sama tíma.

„Upphaf aldarloka"

Kvöldvaka verður á sýningu **Tolla** sunnudagskvöldið 28. janúar kl. 20:30, en yfirskriftin yfir kvöldvökunni er „Upphaf aldarloka".

Fram koma: Megas, Bubbi, Sigfús Bjartmarsson, Einar Már Guðmundsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir.

Útivist um helgina:

Þórsmerkurgangan, 2. ferð sunnud. 28. jan.

Gengin verður gamla Seljadalsleiðin frá Árbæ upp Leirdal, norður fyrir Reynisvatn, sunnan í Reynisvatnsási, síðan austan Langavatnsheiði að Miðdal. Þetta er elsta Þingvallaleiðin. Brottför kl. 13:00 frá Umferðarmiðstöð, bensínsölu. Farmiðar við bíl (600 kr.)

Skíðagöngunámskeið sunnud. 28. jan.

Brottför kl. 13:00 frá Umferðarmiðstöð, bensínsölu. Vanur skíðakennari (600 kr.)

Myndakvöld Útivistar, fimmtud. 2. febr.

Myndakvöld verður í Fóstbræðraheimilinu, Langholtsvegi 109 og hefst kl. 20:30. Margrét Margeirsdóttir sýnir myndir úr hálendisferð sumarið 1989: Snæfell – Kverkfjöll – Mývatn og myndir frá Grænlandi.

Í hléi er boðið upp á góðar kaffiveitingar sem eru innifaldar í miðaverði. (aðg. 400 kr.)

Hlutu verðlaun frá Þjóðminjasafni

Jólasýningu Þjóðminjasafns Íslands lauk þann 7. janúar og var aðsókn að sýningunni mjög góð. Fjöldi barna og unglinga tók þátt í jólaleik safnsins og hefur nú verið dregið úr réttum lausnum. Verðlaunahafar hafa fengið verðlaunin send í pósti.

Verðlaun hlutu: Dagný Huld Hinriksdóttir, Beykihlíð 5, Rvk,
Guðný Björg, Heiðarási 6, Rvk, Katrín Svana Eyþórsdóttir, Melgerði 7 Rvk.,
Lilja Rut, Kaplaskjólsvegi 39, Rvk.,
Margrét Björk Sigurðardóttir, Bogahlíð 9, Rvk.,
Máni Gunnarsson, Öldugranda 1, Rvk.,
Oddbergur Sveinsson, Breiðvangi 24, Hafnarfirði,
Unnur Brynjólfsd. Bárugötu 17, Rvk.,
Þorvaldur, Hegranesi 19, Garðabæ, Þórir H. Þórisson, Skeljagranda 2, Rvk.

Nýhafnarklúbburinn starfar á ný

Nýhafnarklúbburinn tekur aftur til starfa 5. febrúar nk. Þetta er annað árið sem hann starfar, en starfsemi klúbbsins byggist á fyrirlestrum um myndlist og verða fjórir fyrirlestrar á vorönn og fjórir á haustönn. 23. júlí verður svo Jónsmessuhátíð eins og sl. ár.

Ætlunin er að fara í **listskoðunarferð til Madrid** í fylgd sérfróðra manna um miðjan marsmánuð. Sú ferð er á vegum ferðaskrifstofunnar Lands og Sögu í Bankastræti, sem veitir allar upplýsingar.

Fjöldi þátttakenda í klúbbnum er takmarkaður og ganga meðlimir síðasta árs fyrir, en þeir sem hefðu áhuga á að bætast í hópinn geta látið skrá sig í listasalnum **Nýhöfn, Hafnarstræti 18, sími 12230, fyrir 1. febrúar.**

Safnaðarkvöld í Laugarneskirkju með Dr. Sigurbirni Einarssyni biskupi

Í kvöld, föstud. 26. jan., verður almennt safnaðarkvöld í safnaðarheimili Laugarneskirkju kl. 20:30. Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup flytur erindi er hann nefnir: Sorgin og trúin.

Einnig mun strengjakvartett úr Tónlistarskólanum í Reykjavík leika verk eftir Mozart.

Boðið verður upp á kaffi. Kvöldinu lýkur með stuttri helgistund í kirkjunni.

Þetta er annað safnaðarkvöldið í vetur þar sem fer saman fræðandi erindi og góð tónlist. Safnaðarkvöldin eru öllum opin.

Jón D. Hróbjartsson sóknarprestur.

FÍM-salurinn

Samsýning félagsmanna í Félagi íslenskra myndlistarmanna stendur yfir í FÍM-salnum og Galleríinu, Garðastræti 6. Opið er kl. 14:00-18:00 virka daga.

FRÁ FÉLAGI ELDRI BORGARA

Göngu-Hrólfur Félagar í Göngu-Hrólfi hefja laugardagsgöngu sína að venju kl. 11:00 að Nóatúni 17 laugardaginn 27. janúar. Göngunni lýkur að þessu sinni með samkomu í Langholtskirkju og fagna þar þorra með söng og kaffiveitingum.

Dansnámskeið Dansnámskeið hefst á ný laugardaginn 3. febrúar í Nýja Dansskólanum. Upplýsingar hjá skólanum.

Tölvunámskeið Tölvunámskeið hefst 7. febrúar. Kennt verður á miðvikudögum og föstudögum kl. 14:00. Þrír tímar í senn. Verð 5000 kr. fyrir námskeiðið.

Tvö þorrablót Tvö þorrablót verða í Goðheimum, Sigtúni 3. Það fyrra 9. febrúar og hið síðara 23. febrúar. Upplýsingar á skrifstofu Félags eldri borgara, sími 28812.

Frá Listasafni Íslands

Í Listasafni Íslands stendur nú yfir sýning á verkum í eigu safnsins. Verkin eru unnin á árunum 1945-1989.

Listasafnið vill minna á breyttan opnunartíma. Safnið er nú opið alla daga, nema mánudaga, frá kl. 12:00 til 18:00. Veitingastofa safnsins er opin á sama tíma.

Almenn leiðsögn um sýninguna sem stendur í safninu fer fram á sunnudögum kl. 15:00 í fylgd sérfræðings. Leiðsögnin „Mynd mánaðarins" er á fimmtudögum kl. 13:30.

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga „Hana nú" í Kópavogi verður á morgun, 27. janúar. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10:00.

„Gönguglaðir Kópavogsbúar heilsa þorranum með vaxandi bjartsýni og þátttöku í bæjarröltinu ... Einkunnarorð eru: Samvera, súrefni, hreyfing. Nýlagað molakaffi," segir m.a. í fréttatilkynningu frá Fristundahópnum Hana nú.

MÁLVERKAUPPBOÐ 1. febrúar

Gallerí Borg heldur málverkauppboð fimmtudaginn 1. febrúar. Málverkauppboðið fer fram að Hótel Sögu og hefst kl. 20:30. Tekið verður á móti verkum á uppboðið **fimmtudaginn 25., föstud. 26. og mánudaginn 29. jan.** í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9.

Félagsvist Breiðfirðingafélagsins

Breiðfirðingafélagið í Reykjavík heldur félagsvist í Breiðfirðingabúð, föstudaginn 26. janúar kl. 20.30. Góð verðlaun.

Kl. 23:00 verður dansað. Harmonikumúsík. Allir velkomnir.

Árshátíð Snæfellingafélagsins

Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík heldur árshátíð sína laugardaginn 10. febrúar n.k. í Goðheimum, Sigtúni 3.

Leiðrétting

Í myndartexta með frásögn af **Sýningum á Kjarvalsstöðum** í Dagbók fimmtud. 25. jan. var villa sem hér með er leiðrétt. Myndin var af **málverki eftir Þorlák Kristinsson, (TOLLA),** en hann er með sýningu í vestursal Kjarvalsstaða.

Árshátíð Húnvetningafélagsins

Árshátíð Húnvetningafélagsins í Reykjavík verður haldin 3. febr. n.k. í Glæsibæ, Álfheimum 74, og hefst hún með borðhaldi kl. 19:00.

Upplýsingar í símum 41204 og 30752.

KVENNAATHVARF

Húsaskjól er opið allan sólarhringinn og aðstoð fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi í heimahúsum eða orðið fyrir nauðgun.

Síminn er 21205 – opinn allan sólarhringinn.